



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 133/122*  
*komudagur 14.11.2006*

KENNASAMBAND ÍSLANDS  
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112  
ki@ki.is • www.ki.is

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 10. nóvember 2006

Efni: Athugasemdir Kennarasambands Íslands við frumvarp til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, þskj. 190-189. mál.

Kennarasamband Íslands fagnar því skrefi sem tekið er með því að Hólaskóli verði Háskólinn á Hólum en telur hins vegar eðlilegt að allir háskólar í landinu heyri undir menntamálaráðuneytið. Sambandið telur að ákvæði síðustu mgr. 10. gr. um heimild til inheimtu skólagjalda í námi í hrossarækt og hestamennsku þarfnist skýringar og telur t.a.m. ekki eðlilegt að aðrar reglur gildi um námskostnað einstaklinga sem hafa fasta búsetu á Íslandi í þessum greinum en öðrum við skólann. Kennarasambandið leggur áherslu á að við breytingar á starfsemi sem m.a. leiða af sér niðurlagningu á stöðum verði réttinda núverandi starfsmanna gætt í hvívetna og starfskjör framtíðarstarfsmanna við kennslu og stjórnun verði í engu lakari en nú gerist við sambærilegar menntastofnanir sem reknar eru fyrir opinbert fé.

Virðingarfyllt

F.h. Kennarasambands Íslands

Elna Katrín Jónsdóttir, varaformaður